

TORFI H. TULINIUS

Bjarni Einarsson
dr. phil. 11. 4. 1917 – 6. 10. 2000

BJARNI EINARSSON helgaði íslenskum bókmenntum fyrri alda langa og árangursríka starfsævi. Hann þekkti gildi þeirra fyrir þjóðina sem ól þær af sér, og vissi að Íslendingar eiga þessum bókum að þakka að vera sjálfstæð þjóð meðal þjóða. Hann hafði einnig næman skilning á stöðu íslenskra fornbókmennta í sögu heimsbókmenntanna, þeirri miklu sögu sem teygir rætur sínar langt aftur í árþúsundin, síkvik og sívirk saga þess hvernig mannskepnan klæðir reynslu sína í orð og miðlar henni til meðsystra sinna og bræðra, til að fræða eða skemmta, vekja eftirvæntingu eða gleði, hrifningu eða hroll, eða vegna þeirrar innri ánægju sem hlýst af því að skapa eitthvað fallegt, hvort sem það er staka eða sjö binda skáldverk.

Ég þekkti Bjarna Einarsson ekki lengi og ekki náíð. Þó tengdi margt okkur saman. Ég ólst að hluta til upp í Frakklandi og starfa við að miðla franskri menningu, en faðir Bjarna, Einar Jónsson, verslunarmaður á Seyðisfirði, hafði mikið samband við Frakkland, var vel mæltur á franska tungu og fékkst löngum við að túlka fyrir Frakka sem hingað komu. Um hann, og reyndar móður Bjarna, má lesa eftirminnilega lýsingu í ferðabók sem franskur rithöfundur, Louis-Frédéric Rouquette, ritaði um ferð sína til Íslands 1922, en Einar var leiðsögumaður hans á ferð hans um landið.¹ Frá unga aldri fengum við Bjarni því hvor með sínum hætti sýn til suðurs sem mótað hefur heimsmynd okkar og viðhorf. Og við heyrðum hvor um sig hið máttuga kall Egils sögu Skalla-Grímssonar, sterka og seiðandi rödd sem hljómar aftan úr öldum eins og áskorun um að ráða gátuna um tilurð hennar og eðli, merkingu hennar og tilgang. Það er á engan hallað þótt ég segi að fáir hafi gert jafn mikið — og enginn meira — til að leysa þá gátu en Bjarni Einarsson, og það litla sem ég kann sjálfur að hafa lagt þar af mörkum styðst allt meira og minna við rannsóknir hans.

Það er alkunna að varðveislu íslenskra miðaldabókmennta er öðruvísi hátt- að en flestra annarra þjóða sem státa af merkilegum bókmenntaarfi frá sama tíma. Hér voru aðstæður til að geyma skinnbækur ekki jafn góðar og sunnar í

¹ *L'île d'enfer*, Les Éditions de Paris, Paris 1995.

álfunni, húsakynni köld og rök, bókasöfn varla til, því biskupsstólar voru fátækir, konungsvaldið fjarlægt en klaustrin leyst upp á 16. öld, svo ekki sé minnst á þá almennu og miklu fátækt sem hér var landlæg um langt skeið. Þó það sé kraftaverki líkast að það skyldi takast að bjarga svo miklu frá glötun, verður því ekki neitað að margt tapaðist alveg, en annað er illa varðveitt, ýmist í misjafnlega illa förunum brotum eða ungum eftirritum sem geyma ófullkominn texta. Fræðimönnum sem vilja auka skilning sinn og annarra á íslenskum miðaldabókmenntum er því nauðsynlegt að þekkja vel til handritanna, varðveislu þeirra og innbyrðis afstöðu, og miða ályktanir sínar og tilgátur við vitnisburð þeirra. Þetta hafa þeir sem fengist hafa við íslensk fræði í gegnum árin haft hugfast og lagt áherslu á að greiða úr flækjum í varðveislu fornra texta og búa þá í hendur annarra fræðimanna á eins traustan hátt og við verður komið. Til að leysa slík verk af hendi þarf þrek, þolinmæði, nákvæmni og ótrúlegt æðruleysi andspænis umfangi og vanda verkefnis sem sjaldnast er hægt að vinna til hlítar, því handritin eru oft illa varðveitt. Þrátt fyrir þetta hefur fræðimönnum tekist að fylla í margvíslegar eyður og leysa marga þraut, með því að vinna skipulega og af hugkvæmni að samanburði handrita og fræðilegri útgáfu þeirra.

Bjarni var glæsilegur fulltrúi þessarar fræðahefðar og eyddi stórum hluta af ævistarfi sínu í rannsóknir á handritum og útgáfu þeirra. Fyrsta verk hans á því sviði var útgáfa á *Munnmælasögum 17. aldar* sem Árni Magnússon lét skrá, löngu fyrir daga skipulegrar þjóðsagnasöfnunar, og varðveittar voru í pappírshandritum á Árnasafni. Verk þetta kom út 1955 með ítarlegum formála eftir Bjarna sem hefur reynst mörgum drjúg uppspretta fróðleiks og hugmynda um íslenska menningu á 17. öld.

Næst tók hann til við að gefa út *Hallfreðar sögu vandræðaskálds*, en það er vandasamt verk vegna þess að sagan er aðeins varðveitt í einu handriti sem sjálfstæður texti en aðrir textar sögunnar, ekki síður markverðir, hafa varðveist sem þættir í konungasögum. Útgáfa Bjarna á *Hallfreðar sögu* kom fyrst út í Kaupmannahöfn 1953 en hann gaf hana aftur út með ítarlegum inngangi í Reykjavík 1977.

Þótt Bjarni einbeitti sér að nákvæmnisvinnu textafræðanna, var hann engu að síður með hugann við stærri spurningar íslenskra fræða og var þetta samspil textafræði og bókmenntasögu oft býsna gjöfult. Árið 1961 kom út eftir hann bók sem telja má til tímamótaverka í fræðigrein okkar: *Skáldasögur. Um uppruna og eðli ástaskáldsagnanna fornu*. Í verki þessu má glögg t greina hugkvæmni Bjarna og hæfileika til að setja viðfangsefni sín í viðtækara samhengi bókmenntasögunnar. Hugkvæmnin fólst meðal annars í því að taka til athugunar fjórar sögur sem allar hafa skáld sem aðalpersónu og ástarraunir þeirra



sem höfuðviðfangsefni: Hallfreðar sögu, Kormáks sögu, Gunnlaugs sögu og Bjarnar sögu Hítðælakappa. Taldist þematísk nálgun af þessu tagi til nýjunga í íslenskum fræðum þegar þetta var. Hið bókmenntasögulega samhengi fann Bjarni í Frakklandi þar sem þróast hafði við hirðir höfðingja úr leikmannastétt sérstæð menningartíska sem birtist í kveðskap, frásögnum og hegðun manna og fólst í upphafningu forboðinnar ástar, einkum ungra riddara til giftra kvenna. Þessi tíska sem oft er kennd við trúbadúrana í Suður-Frakklandi breiddist út um alla Evrópu á 12. öld og gætir áhrifa hennar þegar í norrænum kveðskap um miðbik þeirrar aldar, eins og Bjarni bendir á. Í Skáldasögum setur Bjarni fram þá tilgátu að sögurnar fjórar séu samdar undir áhrifum frá þessari tísku af skapandi höfundum sem voru að setja saman skáldsögur en ekki að rekja ævisögur skálda sem höfðu raunverulega ort vísurnar sem fylgja sögunum. Tilgátan var djörf því þarna vék Bjarni frá þeirri viðteknu skoðun að kveðskapurinn í Íslendingasögnum, að minnsta kosti í þessum fjórum sögum, væri almennt eldri en þær og að mestu leyti ortur tveimur til þremur öldum áður en sögurnar voru settar saman.

Kenningar Bjarna voru ekki bara djarfar. Þær voru líka byggðar á víðtækri þekkingu á miðaldabókmenntunum, í bundnu máli sem lausu, og studdar margvíslegum rökum: málsögulegum, menningarsögulegum og bókmenntasögulegum. Það var því engin furða þótt fræðasamfélagið tæki sér langan umhugsunarfrést áður en það brást við þeim. Markverðasta atlagan að þeim kom frá Bandaríkjamanninum Theodore M. Andersson í langri grein: „Skalds and Troubadours“. Hér gefst ekki tóm til að endursegja rök Anderssons. Bjarni svaraði þeim og eru skoðanaskipti þeirra til fyrirmyndar um kurteisa og fræðilega umræðu um spurningu sem ég held að sé enn að verulegu leyti opin: hversu mikið á að skoða tilurð Íslendingasagna í ljósi erlendra samtímabókmennta? Það er mín skoðun að Bjarni hafi vísað veginn fremur en Andersson á þessum tíma, og þá skal ekki gert lítið úr framlagi Bandaríkjamannsins. Það er einkum tvennt sem kemur hér til athugunar. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að skoða Íslendingasögurnar í ljósi þess að þær voru samdar af eða fyrir íslenska höfðingja úr röðum leikmanna sem voru þátttakendur í þeirri höfðingjamenningu sem var öllum þjóðum Vestur-Evrópu að miklu leyti sameiginleg á þessu skeiði mannkynssögunnar. Í öðru lagi ber að líta á kveðskap þann sem Íslendingasögurnar geyma sem órofa hluta þeirra. Þess vegna á að veita samspili bundins máls og lausamáls sérstaka athygli, en í kjölfarið á samræðu Bjarna við Andersson, skrifaði hann athyglisverða grein um hlutverk vísna í Íslendingasögum sem hefur birst bæði á ensku og íslensku. Þessi grein er enn í fullu gildi og oft er til hennar vitnað.

Kenningar Bjarna um skáldasögurnar hafa haft víðtæk áhrif þótt ekki séu þeim allir sammála. Eigi að síður eru þær viðmiðun sem ekki verður horft framhjá. Til marks um þetta má geta að ég átti þess kost að taka þátt í málþingi sem haldið var við Stanford háskóla á vesturströnd Bandaríkjanna í maí 1995 og var það helgað skáldasögum. Þar töluðu fræðimenn frá þremur heimsálfum um þennan merka hóp Íslendingasagna, enginn án þess að taka mið af hugmyndum Bjarna eða taka afstöðu til þeirra. Afraksturinn af þessu þingi kom út á prenti á þessu ári og er vitnisburður um hvílk uppspretta það rannsóknasvið var sem Bjarni afmarkaði fyrir nærri hálfri öld þegar hann tók til við að skrifa *Skáldasögur*.²

Frá 1965 til 1972 átti Bjarni og fjölskylda hans heima í Ósló þar sem Bjarni var sendikennari í íslensku. Þar lauk hann við að semja annað tíma-mótaverk, doktorsritið *Litterære forudsætninger for Egils saga*, sem hann varði við Oslóar háskóla 1971 og kom út hjá Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 1975. Í þessu merka riti sýnir Bjarni, svo ekki verður um það efast, að höfundur Egils sögu sótti efnivið sinn fyrst og fremst til annarra rita en lítið til munnlegra heimilda. Hann leggur til margt nýtt sem eykur skilning okkar á byggingu þess snilldarverks, auk þess sem hann bætir fleiri rökum við þau sem þegar höfðu verið færð fyrir því að Snorri Sturluson hefði samið söguna. Nú þurfti ekki að bíða í fleiri ár eftir viðbrögðum. Þau komu strax og voru án undantekninga jákvæð, enda ekki hægt að efast um tók höfundar á efninu og röksemdafærslan svo traust að henni varð ekki haggð.

Fyrir nokkrum árum, í nóvember 1992, efndi Félag íslenskra fræða til sérstaks *Egludags* í Norræna húsinu, þar sem Bjarni talaði ásamt fjórum ungum fræðimönnum sem allir höfðu nýlega fengist við Egils sögu, Baldri Hafstað, Bergljótu Kristjánsdóttur, Svanhildi Óskarsdóttur og mér. Það var greinilegt af því sem við höfðum fram að færa að við áttum öll Bjarna mikið að þakka. Sjálfur get ég vitnað um það, því í þeim kafla doktorsrits míns sem fjallar um Eglu, vitna ég til Bjarna næstum á hverri síðu og stundum oftár en einu sinni. Baldur hitti þó naglann á höfuðið þegar hann sagði að Bjarni væri maður hins nýja tíma í Eglurannsóknum, enda sannaði hann það enn einu sinni í því erindi sem hann flutti þennan dag, þar sem hann sagði okkur frá ýmsu merkilegu sem hann hafði orðið áskynja um söguna við vinnu að þeirri fræðilegu útgáfu að Möðruvallarbókartexta Eglu sem hann lauk við skömmu áður en hann lést og nú bíður prentunar hjá Árnastofnun í Kaupmannahöfn. Það leikur enginn

² *Skaldsagas. Text, Vocation and Desire in the Icelandic Sagas of Poets*, ed. Russell Poole, Walter de Gruyter, *Ergänzungsbände zum Reallexikon der Germanischen Altertumskunde* 27, Berlin 2001. Sjá má af nafnaskránni að vitnað er til Bjarni fjórútu sinnum í þessu riti og alloft er um kenningar hans rætt í löngu máli.

vafi á því að það eljuverk mun gefa okkur fyllri og gleggri mynd af sögunni eins og hún var í frumriti og auka skilning okkar á henni til muna.

Mér hefur ekki tekist nema að tæpa á örlitlu broti af því sem liggur eftir Bjarna Einarsson, enda var hann sívinnandi. Mig langar þó til að minnst á eina ritgerð sem mér þykir sérlega vænt um. Ritgerðin heitir „Skáldið í Reykjaholti“ og er tilraun til að kveða niður þá lífseigu hugmynd að Snorri Sturluson hafi verið skáld fremur af vilja en innblásnum hæfileikum, og því sé óhugsandi að hann hafi ort í orðastað Egils.³ Fyrir utan meginefni ritgerðarinnar, er það tvennt sem mér er hugleikið við hana. Í fyrsta lagi eru það lokaorðin, þar sem Bjarni bendir á hversu hugstæður Egluhöfundur hefur verið sonamissir og setur það í samband við reynslu Snorra sjálfs af því að hafa misst son sinn Jón murt. Hann slær því fram að sagan kunni að vera Sonartorrek Snorra Sturlusonar, að hann hafi samið söguna til að takast á við harminn, rétt eins og Egill sögunnar yrkir Sonatorrek og kemst yfir sorgina af drukknun Böðvars sonar síns. Þetta er djörf tilgáta sem erfitt er að sanna en að baki býr djúp þekking á sögunni og það innsæi sem gerði Bjarna kleift að skynja manninn á bak við textann. Í öðru lagi eru það inngangsorðin, þar sem Bjarni fjallar um lítt kunna vísu eftir Snorra sem hann yrkir til skáldbróður síns, Eyjólf Brúna-sonar, en um hann segir að hann hafi verið „skáld einkar gott ok búþegn góðr, en eigi férik“. Í vísulok setur Snorri fram þá ósk að Eyjólfur „lifi sælstr und sólu / sannauðigra manna“.

Við skulum staldra við orðið „sannauðugur“ en Bjarni vekur athygli á því að þetta er eina dæmið um notkun þess í norrænum heimildum, og að það sé merkilegt að férikasti maður Íslands um sína daga, Snorri Sturluson, skuli nota þetta orð um mann sem var fátækur af öðru en mannkostum og skáldskap. Þetta eina orð segir meira en mörg önnur um viðhorf Snorra og gildismat og sýnir Bjarni hér enn hugkvæmni sína og fundvísi á lítil atriði sem flestum yfirsést en varpa óvæntu ljósi á viðfangsefni okkar.

Bjarni var sjálfur sannauðugur. Í einkalífi sínu var hann hamingjumaður. Hann gekk ungur að eiga Sigrúnu Hermannsdóttur af þeirri ætt sem kennd er við Hánefsstaði við Seyðisfjörð og áttu þau fimm börn. Bjarni var ríkur af mannkostum, jafn vandaður maður og hann var vandvirkur fræðimaður. Við þekkingu hans, skilning, og ást á viðfangsefni sínu bættist að hann var víðsýnn og agaður heimsmaður, sannur menntamaður sem trúði á mátt skynseminnar, lét sér ekkert mannlegt óviðkomandi og fylgdist af áhuga með gangi heimsins til síðasta dags.

³ „Skáldið í Reykjaholti“, *Eyvindarbók. Festskrift til Eyvind Fjeld Halvorsen*, Oslo 1992, bls. 34–40.

Það var ekki undarlegt að andans menn sæktust eftir félagsskap Bjarna. Á yngri árum í Kaupmannahöfn var hann heimagangur hjá Sigurði Nordal þar sem hann snæddi hádegisverð en fór svo í gönguferðir með Sigurði um nærliggjandi skóga og hafa þeir án efa rætt margt um fræði vor. Halldór Laxness var tíður gestur á heimili Bjarna og Sigrúnar í Kaupmannahöfn og áttu þeir Bjarni langa vináttu og góða. Bjarni las sum verka Halldórs yfir í handriti og einnig ferðuðust þeir saman, bæði erlendis en einkum hérlendis því Bjarni var einkar fróður um tengsl lands og sögu og kunni að gæða landslagið lífi með fróðleik sínum. Eins og kunnugt er, hugsaði Halldór margt og skrifaði um fornþóknemntir vorar, og þykist ég sjá að þeir Bjarni hafi deilt svipaðri sýn á eðli þeirra og uppruna.

Fyrir þá sem lítt þekkja til, kann líf fræðimannsins að virðast einmanalegt og heldur dapurlegt að sitja boginn yfir bókum, klukkustundum saman flesta daga ævinnar. Þetta er síður en svo rétt. Fræðimaðurinn er ekki einn nema í sýnd. Í reynd á hann í órofinni samræðu við aðra. Hann er í stöðugu og sterku sambandi við höfund þess texta sem hann er að fást við, eins og lærifaðir Bjarna, Jón Helgason, lýsir svo vel í hinu góða ljóði sem hann orti til höfundar Hungurvöku. En hann á einnig í samræðu við aðra fræðimenn, lífs og liðna, þátttakendur í því sameiginlega verkefni kynslóðanna að auka skilning okkar á fornum textum, þýðingu þeirra og gildi.

Þegar ég frétti af andláti Bjarna, kom mér í hug atvik úr skáldsögu Marcel Proust *Í leit að glötuðum tíma*. Rithöfundurinn Bergotte er nýlega látinn en til að heiðra minningu hans eru bækur hans lagðar opnar í glugga bókabúðanna í Parísarborg. Proust líkir þeim við hvíta engla, vængjaðar sálir höfundarins sem enn svífa yfir þótt hann sé liðinn. Þannig mun verða um verk Bjarna, greinar hans, útgáfur og bækur. Þau munu gera okkur kleift um ókomna framtíð að hlýða á lágan en öruggan róm hans lýsa upp fyrir okkur undur íslenskra fornþóknemnta, og ekki bara okkur sem vorum svo heppin að kynnast Bjarna og njóta nærveru hans og leiðsagnar, heldur líka þeim sem aldrei þekktu hann og sem ef til vill eru enn ófæddir í dag. Við erum því sannauðug af lífi og verkum Bjarna Einarssonar.

Torfi H. Tulinius
Heimspékideild Háskóla Íslands
Nýja Garði við Sæmundargötu
101 Reykjavík
tth@hi.is